

**HB Grandi hf.**  
**Samandreginn árshlutareikningur**  
**samstæðunnar**  
**1. janúar - 30. september 2018**  
**í evrum**

HB Grandi hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjáryfirlit .....	7
Sjóðstreymsyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning HB Granda hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018 11.225 þús. evrum (1. janúar til 30. september 2017 17.301 þús. evrur).

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 258.728 þús. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

Í september samþykkti stjórn félagsins kaup á öllu hlutafé í útgerðarfélaginu Ögurvík ehf. og var sú ákvörðun staðfest á hluthafafundi 2. nóvember. Með kaupunum aukast aflaheimildir félagsins í botnfiski um tæplega 16%. Samkeppniseftirlitið tilkynnti félaginu þann 22. nóvember að það "teldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar" vegna viðskiptanna og eru þar með allir fyrirvarar vegna kaupanna fallnir niður. Kaupverðið er 12,3 milljarðar króna og verða kaupin fjármögnuð með eigin fé og lánsfjármagni.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2018 ásamt rekstrarrafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018.

Stjórn og forstjóri HB Granda hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. nóvember 2018.

Stjórn félagsins:

Magnús Gústafsson

Anna G. Sverrisdóttir

Danielle P. Neben

Eggert Benedikt Guðmundsson

Kistrún Heimisdóttir

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. september 2018

Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrír ársfjórðungar	
	2018 1.7.-30.9.	2017 1.7.-30.9.	2018 1.1.-30.9.	2017 1.1.-30.9.
Seldar vörur .....	49.237	62.019	149.194	158.832
Kostnaðarverð seldra vara .....	6 ( 34.120)	( 43.220)	( 118.417)	( 122.472)
<b>Vergur hagnaður .....</b>	<b>15.117</b>	<b>18.799</b>	<b>30.777</b>	<b>36.360</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	184	0	928	1.240
Útflutningskostnaður .....	7 ( 2.519)	( 3.486)	( 7.822)	( 7.956)
Annar rekstrarkostnaður .....	7 ( 3.103)	( 764)	( 10.476)	( 7.274)
<b>Rekstrarhagnaður.....</b>	<b>9.679</b>	<b>14.549</b>	<b>13.407</b>	<b>22.370</b>
Fjáreignatekjur .....	104	36	269	131
Fjármagnsgjöld .....	( 997)	( 1.043)	( 3.519)	( 2.923)
Gengismunur .....	1.077	( 1.160)	1.897	( 900)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	184	( 2.167)	( 1.353)	( 3.692)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	436	2.084	1.900	3.132
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	10.299	14.466	13.954	21.810
Tekjuskattur .....	( 2.125)	( 2.824)	( 2.729)	( 4.509)
<b>Hagnaður tímabilsins.....</b>	<b>8.174</b>	<b>11.642</b>	<b>11.225</b>	<b>17.301</b>
<b>EBITDA.....</b>	<b>13.483</b>	<b>18.383</b>	<b>24.115</b>	<b>32.295</b>

## Hagnaður á hlut:

Grunnhagnaður og þynntur

hagnaður á hlut (ISK) .....

0,0045 0,064 0,0062 0,0095

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar til 30. september 2018

	Þriðji ársfjórðungur		Þrír ársfjórðungar	
	2018 1.7.-30.9.	2017 1.7.-30.9.	2018 1.1.-30.9.	2017 1.1.-30.9.
Hagnaður tímabilsins.....	8.174	11.642	11.225	17.301
<b>Liðir sem síðar kunna að vera endurflokkaðir yfir rekstur:</b>				
þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum .....	46	( 465)	690	( 1.569)
<b>Heildarafkoma tímabilsins.....</b>	<b>8.220</b>	<b>11.177</b>	<b>11.915</b>	<b>15.732</b>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Efnahagsreikningur 30. september 2018

	Skýr.	30.9.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		190.227	155.768
Rekstrarfjármunir í smíðum .....	8	39.032	49.302
Óefnislegar eignir .....		173.691	173.311
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		29.980	27.448
Aðrar fjárfestingar .....		12.028	9.874
Fastafjármunir		444.958	415.703
Birgðir .....	9	43.168	34.054
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	10	29.040	30.732
Handbært fé .....		16.226	17.603
Veltufjármunir		88.434	82.389
<b>Eignir samtals</b>		<b>533.392</b>	<b>498.092</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		19.325	19.325
Lögbundinn varasjóður .....		37.743	37.743
Þýðingarmunur vegna erlendra hlutdeildarfélaga .....		1.864	1.174
Annað bundið eigið fé .....		12.119	10.443
Óráðstafað eigið fé .....		187.677	188.487
Eigið fé samtals		258.728	257.172
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....		170.433	134.078
Tekjuskattsskuldbinding .....		40.761	38.033
Langtímaskuldir		211.194	172.111
Vaxtaberandi skuldir .....		36.376	52.319
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		27.094	15.269
Skattar til greiðslu .....		0	1.221
Skammtímaskuldir		63.470	68.809
Skuldir samtals		274.664	240.920
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>533.392</b>	<b>498.092</b>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2018

---

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar munur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>1. janúar til 30. september 2017</b>						
Eigið fé 1.1.2017 .....	19.325	37.743	2.593	6.523	183.918	250.102
Heildarhagnaður tímabilsins .....			( 1.569)	1.889	15.412	15.732
Greiddur arður 1,0 kr. á hlut .....					( 16.338)	( 16.338)
Eigið fé 30.9.2017 .....	<u>19.325</u>	<u>37.743</u>	<u>1.024</u>	<u>8.412</u>	<u>182.992</u>	<u>249.496</u>
 <b>1. janúar til 30. september 2018</b>						
Eigið fé 1.1.2018 .....	19.325	37.743	1.174	10.443	188.487	257.172
Heildarhagnaður tímabilsins .....			690	1.640	9.585	11.915
Greiddur arður 0,70 kr. á hlut .....					( 10.359)	( 10.359)
Eigið fé 30.9.2018 .....	<u>19.325</u>	<u>37.743</u>	<u>1.864</u>	<u>12.083</u>	<u>187.713</u>	<u>258.728</u>

Skyringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2018

	2018 1.1.-30.9.	2017 1.1.-30.9.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður tímabilsins .....	13.407	22.370
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymí:		
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	( 928)	( 1.240)
Afskriftir .....	11.636	11.165
	<u>24.115</u>	<u>32.295</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....	( 7.359)	( 17.394)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....	7.787	6.510
	<u>428</u>	<u>( 10.884)</u>
Innheimtar vaxtatekjur .....	269	131
Greidd vaxtagjöld .....	( 3.816)	( 2.809)
Greiddir skattar .....	( 3.630)	( 5.520)
	<u>17.366</u>	<u>13.213</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	( 5.339)	( 10.961)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í smíðum .....	( 25.536)	( 32.076)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	2.618	1.399
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum .....	( 424)	0
	<u>( 28.681)</u>	<u>( 41.638)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Greiddur arður .....	( 10.359)	( 16.338)
Skammtímalán .....	( 13.771)	17.587
Tekin ný langtímalán .....	179.349	36.667
Afborganir langtímalána .....	( 145.281)	( 6.226)
	<u>9.938</u>	<u>31.690</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....	( 1.377)	3.265
Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>17.603</u>	<u>7.334</u>
Handbært fé í lok tímabilsins .....	<u>16.226</u>	<u>10.599</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar án greiðsluáhrifa:</b>		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í smíðum .....	( 8.865)	
Söluverð rekstrarfjármuna .....	2.699	0

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Skýringar

## 1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

HB Grandi hf. gerir út átta fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið hefur mestar aflaheimildir íslenskra útgerðarfélaga og rekur eigin markaðsdeild sem selur afurðirnar um heim allan. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólk er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur HB Granda hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.hbgrandi.is](http://www.hbgrandi.is) og á vef Kauphallar Íslands; <http://www.nasdaqomxnordic.com>.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 28. nóvember 2018.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2017.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfspættir 1.1.-30.9.2018	Botnfiskur	Uppsjávar-fiskur	Annað	Jöfnunar-færslur	Samtals
Seldar vörur .....	77.127	58.630	17.474	( 4.037)	149.194
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 62.479)	( 43.807)	( 15.591)	3.460	( 118.417)
Vergur hagnaður .....	14.648	14.823	1.883	( 577)	30.777
Aðrar tekjur .....					928
Útflutningskostnaður .....	( 4.092)	( 3.105)	( 625)		( 7.822)
Annar rekstrarkostnaður .....					( 10.476)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>					<b>13.407</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....					( 1.353)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....					1.900
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....					13.954
Tekjuskattur .....					( 2.729)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>					<b>11.225</b>

## Skýringar, frh.:

### 5. Starfsþáttayfirlit frh.

Starfsþættir 1.1.-30.9.2017	Botnfiskur	Uppsjávar-fiskur	Annað	Jöfnunar-færslur	Samtals
Seldar vörur .....	84.736	56.568	19.248	( 1.720)	158.832
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 70.339)	( 36.751)	( 18.203)	2.821	( 122.472)
Vergur hagnaður .....	14.397	19.817	1.045	1.101	36.360
Vergur hagnaður .....					1.240
Útflutningskostnaður .....	( 4.002)	( 3.308)	( 646)		( 7.956)
Annar rekstrarkostnaður .....					( 7.274)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>					<b>22.370</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....					( 3.692)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....					3.132
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....					21.810
Tekjuskattur .....					( 4.509)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>					<b>17.301</b>

### 6. Veiðigjald

Félagið greiðir veiðigjald skv. lögum nr. 74/2012 um veiðigjald, á landaðan afla. Á fyrstu þremur ársfjóðungum ársins 2018 nam gjaldfært veiðigjald 6.614 þús. evrur (fyrstu þrír ársfjórðungar 2017 3.827 þús. evrur). Veiðigjöldin eru gjaldfærð meðal kostnaðarverðs seldra vara í rekstrarrekningi.

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2018	2017
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Laun og launatengd gjöld .....	5.266	4.090
Annar stjórnunarkostnaður .....	4.908	4.686
Markaðskostnaður .....	736	756
Niðurfærsla og afskriftir viðskiptakrafna .....	( 434)	( 2.258)
	<b>10.476</b>	<b>7.274</b>

### 8. Rekstrarfjármunir í smíðum

Rekstrarfjármunir í smíðum greinast þannig:

	30.9.2018	31.12.2017
<b>Kostnaðarverð</b>		
Heildarverð 1.1. ....	49.302	33.224
Viðbætur á tímabilinu .....	21.195	39.924
Flutt á rekstrarfjármuni .....	( 40.838)	( 23.846)
Heildarverð 30.09.2017 / 31.12.2016 .....	<b>29.659</b>	<b>49.302</b>

### 9. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	30.9.2018	31.12.2017
Afurðabirgðir .....	38.750	29.916
Rekstrarvörubirgðir .....	4.418	4.138
	<b>43.168</b>	<b>34.054</b>

Hækkun birgða frá áramótum skýrist af árstíðabundnum sveiflum í starfsemi félagsins.

## Skýringar, frh.:

### **10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.9.2018	31.12.2017
Nafnverð viðskiptakrafna .....	23.763	28.815
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast .....	( 808)	( 1.209)
Aðrar skammtímakröfur .....	4.807	2.704
Fyrirframgreiðslur .....	1.278	422
	<u>29.040</u>	<u>30.732</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyri ára. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegl gangvirði þeirra.

### **11. Gjaldmiðlaáhætta**

Félagið hefur keypt íslenskar krónur framvirkt fyrir evrur í samræmi við undanþáguheimild frá Seðlabanka Íslands á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Grunnfjárhæð samninganna nemur 41.000 þúsund evrum á framvirku meðalgengi 130,66. Samningarnir eru með gjalddaga í október 2018 og verða nýttir til að greiða fyrir fjárfestingar og kostnað í íslenskum krónum.

### **12. Vaxtaberandi skuldir**

Félagið endurfjármagnaði á tímabilinu öll langtímalán sín og nemur heildarfjárhæð fjármögnunarinnar 190.000 þús. evrur. Hluti lánsins kemur til útborgunar samhliða því sem félagið greiðir samningsgreiðslur vegna nýs frystitogara.

### **13. Önnur mál**

Í byrjun júní seldi eignarhaldsfélagið Deris S.A., sem HB Grandi á 20% hlut í, allar eignir fiskeldisfyrirtækisins Salmones Friosur S.A. til Exportadoa Los Fiordos Limitada (dótturfélags Agrosuper S.A). Stjórnvöld í Síle samþykktu viðskiptin í lok október. Lok viðskipta eru áætluð í byrjun desember 2018 en unnið er að því að flytja leyfin til fiskeldis yfir á nýja eigendur. Söluverðið var 229 milljónir usd eða um 198 milljónir evra á söludegi. Áhrif sölunnar á rekstarafkomu Deris S.A. að teknu tilliti til skatta eru áætluð 103 milljónir usd (um 89 milljónir evra) og 20% hlutur HB Granda í þeim 21 milljón usd (18 milljónir evra).

Í september samþykkti stjórn HB Granda samning um kaup á öllu hlutafé í útgerðarfélaginu Ögurvík ehf. sem gerður var þann 7. september 2018. Kaupverðið er 12.3 milljarðar króna (um 96 milljónir evra). Hlutabréfin verða afhent við greiðslu kaupverðs.

Ögurvík ehf. er útgerðarfélag sem gerir út Vigra RE 71 sem er 2.157 tonna frystitogari smíðaður árið 1992. Aflaheimildir félagsins á fiskveiðíárinu sem hófst 1. september 2018 eru 7.680 tonn af botnfiski og 1.663 tonn af makríl miðað við úthlutun árið 2018. Ögurvík hefur rekið útgerð frá Reykjavík í meira en hálfu öld, en Vigri RE er eitt kvótahæsta fiskiskip íslenska flotans.

Á framhaldshluthafafundi HB Granda sem haldinn var 2. nóvember 2018 staðfestu hluthafar ákvörðun stjórnar. Samkeppniseftirlitið tilkynnti félaginu þann 22. nóvember að það "teldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar" vegna viðskiptanna, og eru þar með allir fyrirvarar vegna kaupanna fallnir niður.

### **14. Kennitölur**

Helstu kennitölur samstæðunnar:	30.9.2018	31.12.2017
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldur .....	1,39	1,20
Lausafjárlutfall - kvíkir veltufjármunir/skammtímaskuldur .....	0,71	0,70
Eiginfjárlutfall- eigið fé/heildarfármagn .....	0,49	0,52

## Ársfjórðungayfirlit

---

	3 F 2018	2 F 2018	1 F 2018	Samtals
Seldar vörur .....	49.237	49.805	50.152	149.194
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 34.120)	( 43.984)	( 40.313)	( 118.417)
<b>Vergur hagnaður</b> .....	<b>15.117</b>	<b>5.821</b>	<b>9.839</b>	<b>30.777</b>
Aðrar tekjur .....	184	744	0	928
Útflutningskostnaður .....	( 2.519)	( 2.774)	( 2.529)	( 7.822)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 3.103)	( 4.043)	( 3.330)	( 10.476)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	<b>9.679</b>	<b>( 252)</b>	<b>3.980</b>	<b>13.407</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	184	( 268)	( 1.269)	( 1.353)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	436	93	1.371	1.900
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	<b>10.299</b>	<b>( 427)</b>	<b>4.082</b>	<b>13.954</b>
Tekjuskattur .....	( 2.125)	227	( 831)	( 2.729)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....	<b>8.174</b>	<b>( 200)</b>	<b>3.251</b>	<b>11.225</b>
 EBITDA .....	 13.483	 2.839	 7.793	 24.115
	4 F 2017	3 F 2017	2 F 2017	1 F 2017
				Samtals
Seldar vörur .....	58.423	62.019	54.817	41.996
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 53.910)	( 43.220)	( 46.141)	( 33.111)
<b>Vergur hagnaður</b> .....	<b>4.513</b>	<b>18.799</b>	<b>8.676</b>	<b>8.885</b>
Aðrar tekjur .....	9.352	0	101	1.139
Útflutningskostnaður .....	( 2.989)	( 3.486)	( 2.581)	( 1.889)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 3.675)	( 764)	( 3.315)	( 3.195)
Bakfærð virðisrýrnun (virðisrýnun) .....	0	0	0	0
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	<b>7.201</b>	<b>14.549</b>	<b>2.881</b>	<b>4.940</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 1.518)	( 2.167)	( 1.062)	( 463)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	1.905	2.084	530	518
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	<b>7.588</b>	<b>14.466</b>	<b>2.349</b>	<b>4.995</b>
Tekjuskattur .....	( 62)	( 2.824)	( 405)	( 1.280)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....	<b>7.526</b>	<b>11.642</b>	<b>1.944</b>	<b>3.715</b>
 EBITDA .....	 3.435	 18.383	 6.535	 7.377
				35.730

Ársfjórðungayfirlit hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum.